

158. löggjafarþing 2026–2027.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum
(vændiskaup)

Frá dómsmálaráðherra.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 206. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sömu refsingu varðar að þiggja vændi sem annar maður greiðir eða heitir greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir.
- b. Orðin „sektum eða“ í 1. mgr. falla brott.
- c. Á eftir orðunum „fyrir vændi“ í 1. mgr. kemur: handa sjálfum sér eða öðrum manni.
- d. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Sömu refsingu varðar að þiggja vændi barns undir 18 ára aldri sem annar maður greiðir eða heitir greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir. Hafi brot samkvæmt þessari málsgrein verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður fyrir lágmark fangelsis.
- e. Orðin „sektum eða“ í 2. mgr. falla brott.
- f. Á eftir orðunum „fyrir vændi barns undir 18 ára aldri“ í 2. mgr., kemur: handa sjálfum sér eða öðrum manni.
- g. Í stað „2 árum“ í 2. mgr. kemur: 4 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Refsiréttarnefnd hefur unnið frumvarp þetta að beiðni og í samvinnu við dómsmálaráðuneytið. Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lágmarksrefsing vegna brota á 1. og 2. mgr. 206. gr. verði fangelsi en ekki sektir. Í öðru lagi að hámarksrefsing vegna brota á 2. mgr. 206. gr., sem gerir refsivert að kaupa vændi af barni, verði hækkuð úr 2 ára fangelsi í 4 ára. Í þriðja lagi verði tekið af skarið með að ekki skipti máli þótt annar maður greiði eða heiti endurgjaldi fyrir vændi en sá sem það þiggur. Í fjórða lagi að saknæmisstig vegna brota gegn 2. mgr. 206. gr. verði bæði ásetningur og gáleysi að því er varðar aldur barns.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

2.1 Almenn um tilefnið

Ákvæði 1. og 2. mgr. 206. gr. bættust við almenn hegningarlög með lögum nr. 54/2009. Með breytingunni var farið að fyrirmynd Svía um að gera kaup á vændi refsiverð. Tilgangurinn var m.a. að draga úr eftirspurn eftir vændi. Ekki hefur þó tekist að uppræta vændi hér landi. Lögreglan telur að það sé að mestu drifið áfram af skipulagðri glæpastarfsemi. Grunur er um að stór hluti þeirra kvenna sem auglýstar eru í vændi séu þolendur mansals. Samkvæmt núgildandi lögum varðar kaup á vændi sektum eða fangelsi allt að 1 ári í tilviki fullorðinna vændisseljanda (1. mgr.) og sektum eða fangelsi allt að 2 árum þegar keypt er vændi af barni undir 18 ára aldri (2. mgr.). Ákvæðin þjóna ekki nægilega vel þeim tilgangi sínum að draga úr eftirspurn eftir vændi þar sem vændiskaup varða að jafnaði sektum í framkvæmd nema um ítrekuð brot sé að ræða.

Í þessu sambandi skiptir samspil tveggja atriða höfuðmáli. Annars vegar er heimilt að ljúka sumum brotum með lögreglustjórasedkt á grundvelli XXIII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, um lok máls án ákæru, þegar lögreglustjóri telur viðurlög við broti ekki fara fram úr sektum að tiltekinni fjárhæð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Af því leiðir að mörg mál sem varða kaup á vændi samkvæmt 1. mgr. 206. leiða ekki til útgáfu ákæru og dóms. Hins vegar hefur fjárhæð sekta almennt verið lág. Í samræmi við dómaframkvæmd kemur t.d. fram í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 1/2025 að heimilt sé að sekta fyrir fyrsta brot gegn 1. mgr. 206. gr. (eins tilviks) og skuli sektin vera kr. 200.000. Þessi tvö atriði saman, þ.e. að mörgum málum gegn kaupendum vændis samkvæmt 1. mgr. 206. gr. sé lokið með lögreglustjórasedkt en ekki dómi og fjárhæð sekta er almennt lág, leiða til þess að varnaðaráhrifin eru í framkvæmd ekki nægilega mikil.

Af þessu tilefni þykir ástæða til að afnema sektir sem refsingu við vændiskaupum. Staðan verður þá sú að annars vegar munu brot gegn 1. og 2. mgr. 206. gr. varða fangelsisrefsingu. Hins vegar leiðir af því að ekki verður lengur heimilt að ljúka þeim með lögreglustjórasedkt heldur munu þau leiða til útgáfu ákæru og dómsmáls. Sambærilegar breytingar voru gerðar á sænsku hegningarlögunum árið 2025.

Í þágu sama tilgangs er ástæða til að fara að fordæmi Svía og Norðmann og taka af skarið um að ekki skipti máli þótt annar maður greiði eða heiti greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir vændi en sá sem þiggur það. Öðrum breytingum, þ.e. að hækka hámarksrefsingu 2. mgr. 206. gr. og að gáleysi um aldur barns uppfylli saknæmisskilyrði, er ætlað að veita börnum aukna refsivernd og draga úr eftirspurn eftir vændi barna og mansali þeirra í kynferðislegum tilgangi.

Markmiðin með framangreindum breytingum eru því að draga úr eftirspurn eftir vændi, þ. á m. barnavændi, draga úr mansali í kynferðislegum tilgangi og taka fast á skipulagðri glæpastarfsemi og kynferðisbrotum. Almenn og sérstök varnaðaráhrif refsinga verða að vera nægileg til að draga úr kerfisbundinni eftirspurn eftir vændi.

2.2 Alþjóðlegar skuldbindingar

Markmiðið með breytingunum er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar í tengslum við vændi og mansal í samningum sem Ísland hefur fullgilt. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 18. desember 1979, sem fullgiltur var af hálfu Íslands 1985, segir í 6. gr. að aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ. á m. með lagasetningu, til að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi tengdri vændi kvenna. Fjallað er nánar um skyldur ríkja samkvæmt 6. gr. í almennum tilmælum nefndar um afnám mismununar gagnvart konum nr. 38 frá 20. nóvember 2020 en þau fjalla um mansal kvenna og stúlkna í fólksflutningum á heimsvísu. Í almennum tilmælunum er m.a.

tekið fram að þrátt fyrir öll þau lög og stefnur sem hafi verið sett á heimsvísu um mansal og til koma í veg fyrir að konur séu hagnýttar í vændi séu konur og stúlkur enn meiri hluti þekktra þolenda mansals í heiminum. Að mati nefndarinnar er það vegna þess að ekki hafi verið nægileg viðurkenning á kynjavídd mansals og eiga brotin rót að rekja til mismununar á grundvelli kyns.

Mansalsbókun við Palermósamninginn, þ.e. bókun frá 15. nóvember 2000 við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi frá sama degi, sem fullgiltur var árið 2010, er ætlað að koma í veg fyrir, uppræta og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna. Auk þess kemur m.a. fram í 6. gr. Evrópuráðssamnings um aðgerðir gegn mansali frá 16. maí 2005 að hver samningsaðili skuli leitast við að draga úr þeirri eftirspurn sem stuðlar að hvers kyns misneytingu, einkum kvenna og barna, sem leiðir til mansals með því að efla aðgerðir á sviði löggjafar. Ísland fullgilti þann samning árið 2012.

Fjallað er um barnavændi í svokölluðum barnasáttmála, þ.e. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, en hann hefur verið lögfestur hér á landi með lögum nr. 19/2013. Jafnframt var lögfest með lögunum valfrjáls bókun frá 25. maí 2000 við samninginn um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám. Í 34. gr. barnasáttmálans segir m.a. að aðildarríki skuldbindi sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skuli þau einkum gera allt sem við á, bæði innan lands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna, sbr. b-lið. Valfrjálsa bókunin miðar að því að aðildarríkin geri frekari ráðstafanir til þess að tryggja að barnið njóti verndar gegn sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi. Í formálsorðum bókunarinnar er m.a. tekið fram að aðildarríkin hafi þungar áhyggjur af umtalsverðri og síaukinni verslun með börn milli landa í þeim tilgangi að selja þau, vegna barnavændis og barnakláms, og hafi alvarlegar áhyggjur af kynlífsferðamennsku, sem börn séu sérstaklega varnarlaus gegn, og sem hafi breiðst út og færst í aukana, þar sem slíkt stuðli m.a. að sölu á börnum og barnavændi. Þá viðurkenni aðildarríkin að til séu margir hópar sem séu sérlega varnarlausir, þ. á m. stúlkubörn, sem séu frekar í hættu á að sæta kynlífsmisnotkun og að fjöldi stúlkubarna sé vantalinn meðal þeirra sem sæti kynlífsmisnotkun. Enn fremur segir í formálsorðunum að aðildarríkin áliti að aðgerða sé þörf til að auka skilning almennings í þeim tilgangi að draga úr eftirspurn neytenda eftir börnum sem söluvöru, barnavændi og barnaklámi. Barnavændi, sem skal vera bannað samkvæmt 1. gr. valfrjálsu bókunarinnar, er skilgreint í 2. gr. sem: notkun barns í kynlífsathöfnum gegn þóknun eða hvers kyns öðru endurgjaldi. Í ákvæðunum sem koma á eftir í valfrjálsu bókuninni eru skyldur aðildarríkjanna nánar útfærðar. Til að mynda kemur fram í 8. gr. að aðildarríki skuli samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi og hagsmuni barna sem séu þolendur þeirra athafna sem eru bannaðar samkvæmt bókuninni á öllum meðferðarstigum sakamáls. Að þessu virtu búa að baki bókuninni m.a. sjónarmið um varnarleysi barna sem séu þolendur m.a. barnavændis og að draga úr eftirspurn eftir barnavændi.

2.3 Almennt um þau sjónarmið sem búa að baki refsinaemi vændiskaupa

Við mat á tilefni þess að hækka lágmarksrefsingu vegna brota gegn 1. og 2. mgr. 206. gr. í fangelsi, sem og annarra breytinga sem eru lagðar til, þarf að hafa í huga þau sjónarmið sem búa að baki því að gera kaup á vændi refsiverð. Fyrst ber að árétta enn á ný mikilvægi þess að draga úr kerfisbundinni eftirspurn eftir vændi en vændi getur verið ein leið til að misnota einstakling kynferðislega. Oft er vændiskaupandi í reynd að notfæra sér bága félagslega og fjárhagslega stöðu eða bakgrunn vændisseljanda til að kaupa aðgang að líkama hans í

kynferðislegum tilgangi. Segja má að oft öðlist vændiskaupendur aðgang að líkama vændisseljenda vegna eymdar og neyðar þeirra. Vændisseljendur eru oft þolendur mansals og/eða annarra aðstæðna. Að minnsta kosti er staðan oft sú að vændiskaupendur láta sér aðstæður vændisseljenda í léttu rúmi liggja, þ. á m. hvort vændisseljendur séu þolendur mansals eða þvingaðir eða neyddir til að taka þátt í vændinu. Í það minnsta kynna vændiskaupendur sér oft ekki nánari aðstæður séu þeir á annað borð ekki kunnugir þeim eða hafi grun um þær. Þó að einhverjir vændisseljendur taki þátt í vændi af fúsum og frjálsum vilja í reynd og þá án þess að vera í þeim bágu aðstæðum sem leiðir einstaklinga oftast út í vændissölu eða hafa verið þolendur kynferðisbrota í æsku, sem virðist oft vera reyndin með vændisseljendur, verður ekki horft fram hjá því að oft á tíðum er það ekki staðan. Líta verður til þess hvernig málum er almennt háttað.

Þessu tengt verður að horfa til þess að í meiri hluta tilvika er vændiskaupandi karl og vændisseljandi kona þótt dæmi séu um annað. Af þeim sökum ber að líta til þess að vændiskaup eru kynbundin brot sem beinast öðru fremur að konum og stúlkum. Vændi tengist því mismunun á grundvelli kyns og getur verið skaðlegt jafnrétti kynjanna. Í þessu sambandi ber að líta til þess valdaójafnvægis sem er á milli kaupanda og seljanda vændis. Vændiskaupandi notfærir sér oft valdaójafnvægið til að kaupa sér aðgang að líkama konu eða stúlku til eiga kynmök við hana. Að lágmarki fara „viðskiptin“ oft fram við aðstæður þar sem valdaójafnvægi er fyrir hendi og hefðu að líkindum ekki átt sér stað væri því ekki til að dreifa.

Þegar horft er til framangreinds er staðan oft sú að samþykki vændisseljanda fyrir kynmökum liggur aðeins fyrir að forminu til og þarf ekki að endurspegla raunverulegan vilja. Oft er ekki um raunverulegt samþykki að ræða. Til að mynda er „samþykki“ konu eða stúlku, sem er neydd eða þvinguð til að selja líkama sinn, s.s. vegna þess að hún er þolandi mansals eða að öðru leyti þvinguð eða neydd til athafnanna af aðilum í skipulagðri glæpastarfsemi, lítils eða einskis virði í reynd. Þannig getur vændisseljandi verið í þeirri stöðu að vera þvingaður eða neyddur til að taka á móti hvaða vændiskaupanda sem er, oft mörgum „kúnnum“ á dag, og til að taka þátt í margs konar kynlífsathöfnum sem þeir fara fram á, án þess að hafa nokkuð um það að segja í reynd. Af framangreindum ástæðum getur það að greiða fyrir kynmök við vændisseljendur, sem eru í þessari stöðu, verið aðeins enn önnur leið til að þvinga yfirleitt konur og stúlkur til kynmaka og felur því í sér ákveðna tegund af kynferðislegri misnotkun.

Enn fremur byggir refsinaemi vændiskaupa á því að það sé óásættanlegt að líkami vændisseljenda, sem eru yfirleitt konur og stúlkur, sé kynferðisleg söluvara.

Líta verður til framangreinds við mat á því hvort almenn og sérstök varnaðaráhrif séu nægjanleg samkvæmt núgildandi lögum og hvernig sé unnt að auka refsivernd ekki síst barna. Hefur það áhrif á val á því hvaða tegund refsingar er viðeigandi fyrir brotið. Einnig ættu framangreind sjónarmið, sem búa að baki því að gera kaup á vændi refsiverð, að vera til þess fallin að hafa áhrif á ákvörðun refsingar enda lúta þau að eðli og grófleika brotsins sem og verndarhagsmununum. Núverandi framkvæmd um lágar sektargreiðslur, sem kann að vera lokið með lögreglustjórasett, er ekki í góðu samræmi við framangreind sjónarmið. Frumvarpið byggir á því að refsing eigi að svara til alvarleika brotsins.

3. Meginefni frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu munu 1. og 2. mgr. 206. gr. verða svohljóðandi:

„Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir vændi handa sjálfum sér eða öðrum manni skal sæta fangelsi allt að 1 ári. Sömu refsingu varðar að þiggja vændi sem annar maður greiðir eða heitir greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir.

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri handa sjálfum sér eða öðrum manni skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Sömu refsingu varðar að þiggja vændi barns undir 18 ára aldri sem annar maður greiðir eða heitir greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir. Hafi brot samkvæmt þessari málsgrein verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður fyrir lágmark fangelsis.“

Frumvarpið kveður, sem fyrr greinir, á um ferns konar breytingar á 1. og 2. mgr. 206. gr. Í fyrsta lagi að fella brott sektir sem refsingu en af því leiðir að lágmarksrefsing verður fangelsisrefsing. Í því felst að brot gegn 1. og 2. mgr. 206. gr. munu í ríkara mæli leiða til útgáfu ákæru og að lokum dóms. Ekki verður lengur unnt að ljúka mörgum brotum með lögreglustjórasekt eins og nú en hingað til hefur fjárhæð sektar að auki verið lág.

Í öðru er lagt til að hækka hámarksrefsingu vegna brota á 2. mgr. 206. gr., sem gerir refsivert að kaupa vændi af barni, úr 2 ára fangelsi í 4 ára. Höfð hefur verið hliðsjón af hámarki refsingar sams konar brots í sænsku hegningarlögunum. Ekki þykir þó tilefni til að kveða nánar á um hámark og lágmark innan þess ramma við ólíkar aðstæður, eins og gert er í sænsku lögunum, heldur er það lagt í hendur dómara að kveða á um refsingu innan refsirammans.

Í 3. mgr. 202. gr. er kveðið á um að hver sem blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skuli sæta fangelsi allt að 4 árum. Samkvæmt núgildandi lögum varðar því brot sem felur í sér að tæla barn til kynmaka að lágmarki fangelsisrefsingu sem getur að hámarki varðar 4 árum. Aftur á móti er lágmarksrefsing fyrir kaup á barnavændi nú sektir og hámarksrefsing er 2 ára fangelsi. Barnavændi getur verið ekki minna alvarleg háttsemi en að tæla barn til kynmaka þó meta verði aðstæður allar í einstökum málum. Í öðru tilfallinu kann greiðsla að vera liður í að tæla barn en í hinu er greiðslan beinlínis fyrir kynmök. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að oft eru börn sem selja líkama sinn í kynferðislegum tilgangi í bágrri félagslegri og fjárhagslegri stöðu og hafa oft verið þolendur kynferðisbrota. Þá eru börn sem stunda vændi oft í áfengis- og vímuefnaneyslu, hafa jafnvel hlaupist að heiman og bakland þeirra er gjarnan veikt. Enn fremur getur barnavændi verið tengt mansali. Vegna þess fela kaup á barnavændi oft í sér að verið er að notfæra sér þá bágu stöðu sem barnið er í eða að lágmarki að „viðskiptin“ eiga sér stað við þær aðstæður. Að tæla barn til kynmaka kann að fela í sér röð aðgerða yfir lengri tíma gagnvart barni sem er oft í viðkvæmri stöðu gagnvart geranda og felur því að jafnaði í sér alvarlegt brot gegn barninu. Að borga barni beinlínis fyrir kynmök getur verið beinskeyttari háttsemi og ekki síður til þess fallin að notfæra sér bága stöðu þess þó að það sé ekki verknáðarþáttur brotsins. Þá getur verið um ítrekuð kaup á barnavændi að ræða eða sérlega gróf brot.

Sú sérstaka staða getur einnig komið upp að ákærði teflir fram þeirri vörn að t.d. peningar eða gjafir hafi falið í sér greiðslu fyrir barnavændi en ekki verið liður í tæla barnið í þeirri von að það leiði til vægari refsingar. Sjá í þessu sambandi *dóm Hæstaréttar Íslands frá 6. febrúar 2024 í máli nr. 712/2013*. Af refsiramma núgildandi ákvæða kann einnig að leiða að ákært sé aðallega fyrir brot gegn 3. mgr. 202. gr. en til vara fyrir 2. mgr. 206. gr. eða að dómari heimfæri aðeins til síðara ákvæðisins að fenginni þeirri niðurstöðu að skilyrði þess fyrra séu ekki uppfyllt. Sjá í þessu samhengi *dóm Hæstaréttar Íslands frá 15. maí 2008 í máli nr. 539/2007*. Afleiðingin getur því orðið sú að háttsemi sem verður jafnað við kaup á barnavændi er

heimfærð til 3. mgr. 202. gr. í stað 2. mgr. 206. gr. í þeim tilfellum þegar skilyrði fyrrnefnda ákvæðisins eru uppfyllt, jafnvel þó að endurgjald hafi beinlínis verið fyrir kynmök, enda varðar brot gegn fyrra ákvæðinu þyngri refsingu. Að teknu tilliti til alls þessa þykir rétt að hámark refsingar sé hið sama fyrir brotin. Það kemur í hlut dómara að ákvarða refsingu innan refsirammans að teknu tilliti til margvíslegra og ólíkra aðstæðna sem kunna að vera fyrir hendi þegar brotið er gegn 2. mgr. 206. gr., þ. á m. þeim aðstöðumun og valdaójafnvægi sem hefur verið fyrir hendi, s.s. yfirburðarstaða kaupanda í ljósi aldurs- og þroskamunar. Er þetta, sem fyrr greinir, liður í að auka refsivernd barna.

Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði af skarið með að ekki skipti máli þótt annar maður greiði eða heiti endurgjaldi fyrir vændi en sá sem þiggur það. Sambærileg ákvæði eru í norsku og sænsku hegningarlögunum. Þannig varði það refsingu að kaupa vændi handa sjálfum sér eða öðrum manni sem og að þiggja vændi sem annar maður greiðir fyrir.

Í fjórða lagi er lagt til að gáleysi um aldur barns nægi til að uppfylla saknæmisskilyrði í 2. mgr. 206. gr. Með þessu er refsivernd barna aukin. Höfð hefur verið hliðsjón af 204. gr. Þá er einnig almennt ákvæði í sænsku hegningarlögunum um gáleysi um aldur barns í tengslum við kynferðisbrot.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ítarlega er fjallað um alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í kafla 2.2. Frumvarpið gefur að öðru leyti ekki sérstakt tilefni til að meta samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Áform um lagabreytingar voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is hinn 7. júlí 2026 og veittur frestur til að koma umsögnum á framfæri til 19. ágúst sl. (mál nr. S-118/2026). Eftirtöldum aðilum var sérstaklega boðið að veita umsögn: Bjarkarhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, Dómtólasýslan, Hennar rödd, Héraðssaksóknari, Kvenréttindafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, lögregluembættin, Mannréttindastofnun Íslands, Ríkislögreglustjóri, Ríkissaksóknari, Rótin, Samtök um kvennaathvarf, Stígamót, Tabú, UN Women og W.O.M.E.N. in Iceland, samtök kvenna af erlendum uppruna. Alls bárust 36 umsagnir um áformin, frá Bjarkarhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, European Sex Workers Rights Alliance, Heimssambandi verkafólks á Íslandi, HIV Íslandi, Kvenréttindafélagi Íslands, Mannréttindastofnun Íslands, Rauðu Regnhlífinni Íslandi, Rótinni, Stígamótum, Stop the Traffik Iceland, Trans Íslandi, Vitund - samtökum gegn kynbundnu ofbeldi og 24 einstaklingum.

Enginn umsagnaraðila lagðist gegn endurskoðun refsiramma 2. mgr. 206. gr. hvað varðar vændi á börnum. Í umsögnum var ýmist lýst almennri ánægju með áformin eða þeirri skoðun að fella ætti ákvæði 1. mgr. 206. gr. brott. Jafnframt komu fram margvíslegar ábendingar sem tekið hefur verið tillit til við undirbúning frumvarpsins eftir því sem tilefni þótti til. Þannig er leitast við að taka mið af sjónarmiðum varðandi hve ólíkum hópum vændiskaupaákvæðinu sé ætlað að vernda, það er þolendum vændismansals, vændisseljendum og þeim sem selja vændi af neyð.

Í fjölmörgum umsögnum var jafnframt hvatt til frekari aðgerða gegn mansali á fleiri sviðum og aukins samráðs við þá hópa sem breytingarnar varða. Þau sjónarmið eru tekin til greina en kalla ekki á nánari umfjöllun hér.

6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum sem ætlað er að draga úr eftirspurn eftir vændi og þar með sporna gegn mansali og annarri skipulagðri brotastarfsemi. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að styrkja refsivernd einstaklinga sem verða fyrir vændi eða vændismansali og endurspegla þá afstöðu löggjafans að ekki sé ásættanlegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér sérstök útgjöld fyrir ríkissjóð en auknu fjármagni hefur verið varið til lögreglunnar á undanförunum árum vegna skipulagðrar brotastarfsemi, þar á meðal vændi og mansali.

Af úttefinni tölfraði lögreglu, Bjarkarhlíðar og Stígamóta má ráða að meiri hluti þolenda vændis og vændismansals á Íslandi séu konur. Í mansalsskýrslum Bjarkarhlíðar, sem gefnar hafa verið út fyrir árin 2024 og 2025, kemur fram að allir þolendur vændismansals sem leitað hafi til miðstöðvarinnar séu konur eða kvár og búi við jaðarsetningu ýmist vegna kynvitundar, uppruna, fötlunar, fátæktar og/eða annarra þátta.

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna. Í samráðsferlinu komu aftur á móti fram sjónarmið þess efnis að breytingarnar kynnu að bitna hvað verst á jaðarsettum hópum og jafnvel að auka það misrétti sem þegar er til staðar. Því verður rík áhersla lögð á að fylgjast með áhrifum lagabreytinganna. Í því skyni verður tölfraði safnað með reglubundnum hætti frá lögreglu, Bjarkarhlíð og Stígamótum, auk þess sem samráð verður aukið við samtök sem starfa með þeim einstaklingum sem breytingarnar varða.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sem fyrr segir felur frumvarpið í fyrsta lagi í sér að ekki verður lengur unnt að sekta fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 206. gr. Þess í stað munu brotin varða fangelsisrefsingu. Af því leiðir að ekki verður lengur heimilt að ljúka máli með lögreglustjórasekt. Breytingunni er ætlað að treysta almenn og sérstök varnaðaráhrif. Af 1. mgr. 31. gr. leiðir að lágmarksrefsing verður fangelsi í 30 daga. Í því sambandi verður þó að hafa í huga heimildir VI. kafla laganna til að skilorðsbinda dóm en þegar sú leið er farin er frestun á t.d. fullnustu refsingar bundin því skilyrði að aðili gerist ekki á ný sekur um brot á skilorðstímanum, sbr. 3. mgr. 57. gr. Að því er varðar málsmeðferðina þá eru sérstakar reglur í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála fyrir þau tilvik þegar ákærði játar skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játningin sé sannleikanum samkvæm, sbr. 164. gr. Eins og segir í almennu athugasemdunum byggir frumvarpið á því að refsing skuli svara til alvarleika brots. Við mat á því verður að líta til þeirra sjónarmiða sem búa að baki því að gera kaup á vændi og barnavændi refsiverð en þau lúta einnig að alvarleika brotanna og verndarhagsmunum. Gerð er nánari grein fyrir sjónarmiðunum í kafla 2.3.

Í öðru lagi er kveðið á um hækkun hámarksrefsingar úr 2 ára fangelsi í 4 ár á brotum gegn 2. mgr. 206. gr. Með breytingunni er m.a. undirstrikaður alvarleiki brotsins. Þar sem refsirammir 2. mgr. 206. gr. og 3. mgr. 202. gr. verður hinn sami ætti ekki að skipta jafn miklu máli og nú hvort brot sé heimfært til fyrra eða síðara ákvæðisins. Þá verður refsiramminn nægilega rúmar til að taka tillit til margvíslegra og ólíkra aðstæðna. Þegar peningar eða annars konar greiðslur eru liður í að tæla barn til kynmaka, án þess að þær eru beinlínis endurgjald fyrir kynmök, varðar háttsemi að jafnaði við 3. mgr. 202. gr. að öðrum skilyrðum uppfylltum. Þegar greiðsla er beinlínis endurgjald fyrir kynmök varðar háttsemi að jafnaði við 2. mgr. 206. gr. að öðrum skilyrðum uppfylltum. Við ákvörðun refsingar er hægt að taka tillit til allra

aðstæðna, m.a. hvort gerandi hafi notfært sér bágar aðstæður brotþola eða yfirburðarstöðu sína gagnvart barninu sem og aldur og þroska barns og geranda. Þannig verður unnt að taka tillit til grófleika brots og aðstæðna allra við ákvörðun refsingar innan refsiramma 2. mgr. 206. gr. þótt ekki sé beinlínis um verknaðarþátt að ræða eins og tilviki 3. mgr. 202. gr. Sjá til hliðsjónar *H 586/2012*. Þegar barn er undir 15 ára aldri varðar háttsemi jafnframt við 1. mgr. 202. gr. Enn fremur geta aðstæður verið með þeim hætti að skilyrðum 194. gr. um nauðgun er fullnægt.

Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á 1. og 2. mgr. 206. gr. sem taka af skarið með að það sé refsivert að kaupa vændi handa sjálfum sér eða öðrum manni sem og að þiggja vændi sem annar maður greiðir eða heitir greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir. Hið sama á við um barnavændi. Sá sem þiggur vændi eða barnavændi sem annar maður greiðir fyrir verður þó að hafa ásetning til þess að hann sé að taka þátt í vændi. Ef hann veit ekki eða á ekki að vita að annar maður hafi greitt eða heitið greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir kynmökina er saknæmisskilyrðið ekki uppfyllt.

Í fjórða lagi mun 2. mgr. 206. gr. ná til þeirra brota þar sem vændiskaupandi eða -þiggjandi er í gáleysi um aldur barns. Af 18. gr. leiðir að ásetningur verður að ná til allra verknaðarþátta brota í hegningarlögum nema kveðið sé á um annað í lögunum. Meðal verknaðarþátta 2. mgr. 206. gr. er að barn sé undir 18 ára aldri. Samkvæmt núgildandi lögum verður vændiskaupandi að hafa vitneskju um, þ.e. hafa ásetning til þess, að vændi sé keypt af barni undir 18 ára aldri svo brot verði heimfært til 2. mgr. 206. gr. Sé vændiskaupanda ekki kunnugt um að vændisseljandi sé barn undir 18 ára aldri er þó unnt að refsa fyrir brot gegn 1. mgr. 206. gr. að öðrum skilyrðum uppfylltum og eftir atvikum 3. mgr. 202. gr. séu aðstæður með þeim hætti að skilyrði þess ákvæðis séu uppfyllt. Með frumvarpsákvæði þessu er lagt til að breyta saknæmisskilyrðinu á þann hátt að það teljist jafnframt brot gegn 2. mgr. 206. þegar vændiskaupandi eða -þiggjandi fremur brot í gáleysi um aldur barns. Þó beri að taka tillit til þess við ákvörðun refsingar. Í þessu sambandi hefur verið höfð hliðsjón af 204. gr. Ákvæðið nær bæði til gáleysis þess sem þiggur vændi sem og þess sem greiðir eða heitir greiðslu eða öðru endurgjaldi fyrir vændi handa sjálfum sér eða öðrum manni.

Um 2. gr.

Ákvæðið varðar gildistöku og þarfnast ekki skýringa.